

Búðardalur:

Hætt við leirverksmiðju

Stofnað hlutafélag um lítið leirverkstæði í staðinn

■ „Það er misskilningur að ekkert verði úr leirvinnslu hér í Búðardal – en það verður hins vegar á öðrum og mun minni grunni heldur en ráð var fyrir gert,“ sagði Kristinn Jónsson, oddviti í Búðardal aðspurður hvort áralangir draumar manna þar um leirverksmiðju séu nú úr sögunni, þrátt fyrir skýrslu sem lofaði mjög góðu um útkomuna, fyrir ekki svo mörgum mánuðum síðan.

„Þegar þessi skýrsla kom, var hún send til skoðunar meðal sérfræðinga hér innanlands. Eftir umfjöllun þeirra voru menn sammála um það að tvennt eða þrennt gerði það að verkum að ástæða væri til að bíða með það að hrinda hugmyndum skýrslunnar í framkvæmd: Í fyrsta lagi, eru tollalögin í endurskoðun þar sem m.a. er stefnt að lækkun tolla á væntanlegum samkeppnisvörum sem þá tefldu afkomunni í tvísýnu. Í annan stað er orkuverðið of hátt. Og í þriðja lagi er teft á tapasta það í sambandi við arðsemi svona verksmiðju – og efnahagsástand hjá okkur og framboð á peningum er ekki það mikið að talið sé hægt að koma þessu máli í höfn eins og ástandið er nú,“ sagði Kristinn.

Hann kvað því hafa verið gripið til þeirra úrræða að stofna hlutafélag í Búðardal, sem kæmi á fót litlu leirverkstæði til framleiðslu ýmissa nytjahluta úr leir; þar á meðal flísar á gólf og veggi eftir pöntunum. Gert sé ráð fyrir að í hverju tilfelli verði þá notaður sá leir sem hagkvæmast væri að nota í

hverja framleiðslu fyrir sig. Sennilegt sé talið að dalaleir veðri notaður í flísarnar, en hins vegar erlendur leir í hina svokölluðu nytjahluti. Kristinn sagði nú þessa dagana verið að

auglýsa eftir keramikur til að sjá um rekstur þessa verkstæðis, en reiknað með að þar komi 2-3 menn til með að hafa vinnu þegar verkstæðið verður komið í gang.

Aðspurður hvort þetta hafi ekki valdið Dalamönnum nokkrum vonbrigðum sagði Kristinn: „Að visu – en það er líka ýmislegt jákvætt við þetta. Með þessu verkstæði fáum við hér til okkar

bæði reynslu og þekkingu, sem vantar og við verðum þá betur stakk búin hvort sem 2, 5 eða 10 ár liða kannski þar til farið verður út í stærra. Sá draumur er geymdur en ekki gleymdur.



■ Um helgina lýkur sýningu á verkum Kjuregja Alexandra Argunova. Af því tilefni mun Kjuregja ásamt Guðmund Ingólfssyni pí-anóleikara standa fyrir söngupþákumu kl. 4 í Norræna húsinu. n.k. sunnudag 11. nóv.



■ Einar G. Pétursson og Þór Magnússon sýna blaðamönnum eintak af Guðbrandsbiblíu. NT-mynd Röbert.

Þjóðminjasafnið:

Sýning á Guðbrandi

■ Í dag kl. 10 verður opnuð í Bogasal Þjóðminjasafnsins sýningin „Guðbrandur biskup Porláksson og bókaútgáfa hans.“

Sýningin er sett upp af Einari G. Péturssyni, bókaverði á Landsbókasafninu, í samvinnu við Þjóðminjasafnið.

Tilefni sýningarinnar er að 400 ár eru liðin frá fyrstu útgáfu Guðbrandsbiblíu.

Á sýningunni eru m.a. til sýnis eintök Guðbrandsbiblíu og þar á meðal eitt með áritun hans. Þá eru aðrar biblíur til sýnis og guðsordabækur. Einnig málverk af Guðbrandi, en hann er fyrsti Íslendingurinn sem vitað er hvernig leit út, þar sem varðveitist hafa af honum málverk. Sýningin stendur út janúar.

Lionsmenn safna:

Notuð gleraugu til Sri Lanka

■ Geturðu séð af gömlu gleraugunum þínum? Ef svo er, þá ættirðu að bregða þér í næstu verslun, apótek eða bensinstöð og setja þau í þar til gerða kassa. Eftir helgina.

Lionsklúbbarnir á Íslandi hafa ákveðið að safna notuðum gleraugum um land allt vikuna 11.-18. nóvember og verða þau síðan send til Sri Lanka

Gleraugnasöfnunin er framkvæmd í samvinnu Lionsmanna á Íslandi og á Sri Lanka. Þegar gleraugun koma á áfangastað taka Sri Lanka menn á móti þeim, flokka, mæla og yfirfara og koma þeim í hendur nýrra eigenda. Lionsmenn á Sri Lanka hafa rekið augnlækningastöð, þar sem barist hefur verið við gláku og aðra augnsjúkdóma. Þúsundir hafa gengist undir aðgerðir og þurfa margir að ganga með gleraugu á eftir, í lengri eða skemmri tíma. Fátækt er hins vegar mikil í landinu og fólk hefur ekki efni á því að kaupa sér gleraugu. Almennur er hvattur til að

grafa upp gömlu gleraugun og setja þau í söfnunarkassana. Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, telurst góðfúslega á að gefa fyrstu gleraugun í söfnunina.



■ Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, gefur fyrstu gleraugun í söfnun Lionsmanna. Svavar Gests hljómplótuútgafandi fylgist vel með.

Gullfalleg ítölsk sófasett

Margar gerðir – Leður- og tauáklæði



Ótrúlega lágt verð:

Frá kr. 37.850.- í tauáklæði

og frá kr. 45.500.- í leðuráklæði



HÚSGÖGN OG
INNRETTINGAR
SUÐURLANDSBRAUT 18



68 69 00

Fjórar opnanir á Kjarvalsstöðum



ÁSGERÐUR BÚADÓTTIR



VALGARÐUR GUNNARSSON



VALGERÐUR HAFSTAD



GUTTORMUR JÓNSSON

■ Fjórar listsýningar verða opnaðar á Kjarvalsstöðum í dag, laugardaginn 10. nóvember. Í vestursal eru þrjár sjálfstæðar sýningar.

Ásgerður Búadóttir sýnir myndvefnað. Á sýningu hennar eru 16 verk og eru þau afkrastur starfs hennar á þessu ári, en þá hlaut hún starfslaun Reykjavíkurborgar.

Valgerður Hafstad sýnir málverk og vatnslitamyndir, alls um 50 verk. Valgerður hefur verið búsett erlendis undanfarin 30 ár, lengst af í París, en nú hefur hún flutt sig vestur um haf til New York.

Valgarður Gunnarsson og Böðvar Björnsson sýna handmálud ljóð 20-30 verk. Þau eru unnin með akrílitum á pappír.

Guttormur Jónsson opnar svo sýningu á austurgangi Kjarvalsstaða og sýnir þar 29 skúlptúra, sem hann hefur unnið úr tré, grjóti og trefjasteinsteypu.

Á Kjarvalsstöðum stendur einnig yfir sýning Steinunnar Marteinsdóttur á verkum úr leir og postulíni.